

Sveitarfélagið Árborg  
Bárður Guðmundsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. október 2014  
Tilvísun: UST20141000002/ksj

### Lýsing. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurheiði, Árborg.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar er barst 1. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurheiði, Árborg.

Áætlað er leggja 66 kV jarðstreng milli Selfoss og Þorlákshafnar og er heildarlengd strengsins 28 km. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurheiði felur í sér að ofangreindur jarðstrengur fer inn á austasta hluta deiliskipulagssvæðisins á alls 518 m kafla. Einnig er áætlað að hliðra aðkomuvegi og lóðarmörkum um 12 m.

Fram kemur í greinargerð að svæðið sem ofangreind lóð sé á, sé að mestu gróið og að landi hafi þegar verið raskað. Áætlað er að strengurinn muni liggja meðfram Eyrabakkavegi. Einnig kemur fram að að áætlað er að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði fyrst og fremst jarðvegsrask og að fjallað verði um áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun, gróðurfar og ásýnd lands.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við lýsinguna.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

A. Þóra Guð.  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri